



Leikskólinn Bergheimar

Hafnarbergi 32 815 Þorlákshöfn sími 4803660

Tölvupóstur: leikskolinn @olfus.is

VERKLAGSREGLUR UM STARFSEMI LEIKSKÓLANS BERGHEIMA INNRIÐUN 2019

- 1) Hægt er að nálgast umsóknareyðublað í leikskólanum, á heimasíðu Ölfuss, www.olfus.is og á heimasíðu leikskólans, www.bergheimar.is
- 2) Barn verður að eiga lögheimili í Ölfusi til að geta byrjað í leikskóla.
- 3) Foreldrar sem hyggjast flytja til sveitarfélagsins er heimilt að sækja um leikskóla, en barn fær ekki inngöngu fyrr en lögheimili hefur verið flutt.
- 4) Heimilt er að sækja um leikskóla þegar við fæðingu.
- 5) Upphaf leikskólagöngu getur að jafnaði orðið þegar barn er 18 mánaðar gamalt.
- 6) Börn innritast eftir kennitölu elsta fyrst, þó geta ákveðnar aðstæður haft áhrif á úthlutunina, sbr. 8 gr.
- 7) Innritun barna fer að mestu fram á tímabilinu júní-september ár hvert. Haft er samband við foreldra þegar barn þeirra hefur fengið inngöngu í leikskóla. Ef foreldrar vilja ekki nýta sér boðið, færast umsóknin í bið og foreldrar beðnir að láta vita þegar virkja á umsóknina aftur. Óski foreldrar ekki lengur eftir því að hafa barn sitt á biðlista ber þeim að tilkynna það til leikskólastjóra.
- 8) Heimilt er að sækja um forgang vegna eftirtalinnna aðstæðna: Fötluð börn, börn með alvarleg þroskafrávik og/eða seinkaðan þroska, vegna barnaverndarúrræða og aldurs barns. Vottorð frá viðurkenndum greiningaraðila skal fylgja með umsókn um forgang. Ef forgangur er samþykktur fer viðkomandi barn fram fyrir önnur börn á biðlista.
- 9) Segja skal upp leikskólaplássi skriflega á þar til gerðum eyðublöðum sem fást í leikskólanum. Uppsagnarfrestur er hálfur mánuður og miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar, nema þegar barn útskrifast þá er leikskólaplássi sagt upp á sérstökum foreldrafundi í byrjun maí.

GJALDSKRÁ

- 10) Gjaldskrá leikskóla er endurskoðuð árlega og tekur bæjarstjórn ákvörðun um breytingar á henni. Breytingar á gjaldskrá skulu auglýstar með eins mánaðar fyrirvara.
- 11) Einstæðir foreldrar greiða lægra gjald eins og fram kemur í gjaldskrá. Hefji einstæðir foreldrar sambúð skal greiða hærra gjald frá þeim degi er sambúð hefst. Séu foreldrar ekki í sambúð eða slíti sambúð skal leggja fram vottorð frá sýslumanni og lækkar þá gjald frá næstu mánaðarmótum eftir að vottorð berst. Farið er eftir búsetu og hjúskaparstöðu foreldra samkvæmt þjóðskrá.

12) Systkinaafsláttur er 30% með öðru barni og 100 % með þriðja barni. Foreldrar sem eiga börn hjá dagforeldrum og í Frístund njóta einnig afsláttar og þurfa að tilkynna það á skrifstofu sveitarfélagsins.

13) Foreldrum ber að tilkynna leikskólastjóra um breytingar á högum sínum, s.s. breytt heimilisfang, símanúmer, breyting á vinnustað foreldris og hjúskaparstöðu.

14) Foreldrum sem stunda dagnám (nám) er veittur afsláttur af leikskólagjaldi og greiða þeir samkvæmt forgangsgjaldi sem er greiðsla fyrir börn einstæðra foreldra og nemur afslátturinn 30% af fullu gjaldi. Einstæðir foreldrar njóta ekki jafnframt námsmannaafsláttar. (Ath. Afsláttur af leikskólagjaldi er aðeins veittur ef viðkomandi stundar nám sem er a.m.k. 24 ECTS einingar eða 30 feiningar á önn). Sækja þarf um afsláttinn til leikskólastjóra fyrir skólaárið og leggja fram staðfestingu frá skóla um að viðkomandi hafi fengið skólavist og staðfestingu á fjölda/eininga á önn.

Afslátturinn fellur sjálfkrafa niður í janúar og júní. Sækja þarf um niðurfellingu fyrir 1. september og 1 janúar, ásamt því að endurnýja fyrri umsóknir.

14) Foreldrum sem stunda nám er veittur afsláttur af leikskólagjaldi og greiða þeir samkvæmt forgangsgjaldi sem er greiðsla fyrir börn einstæðra foreldra og nemur afslátturinn 30 % af fullu gjaldi. Einstæðir foreldrar njóta ekki jafnframt námsmannaafsláttar. Ath. afsláttur af leikskólagjaldi er aðeins veittur ef viðkomandi stundar nám sem er a.m.k. 24 ECTS einingar eða 30 feiningar á önn. Sækja þarf um afsláttinn til leikskólastjóra fyrir skólaárið og leggja fram staðfestingu frá skóla um að viðkomandi hafi fengið skólavist og staðfestingu á fjölda/eininga á önn.

Afslátturinn fellur sjálfkrafa niður í janúar og júní. Sækja þarf um niðurfellingu í byrjun september og byrjun janúar, ásamt því að endurnýja fyrri umsóknir.

15) Hægt er að sækja um niðurfellingu greiðslna vegna máltíða ef barn er lengur en 3 vikur í fríi og sótt er um skriflega til leikskólastjóra með að lágmarki viku fyrirvara.

16) Ógreidd leikskólagjöld eru send í innheimtu skv. reglum sveitarfélagsins

DVALARTÍMI

17) Opnunartími leikskólans Bergheima er samkvæmt samþykktum bæjarstjórnar sveitarfélagsins hverju sinni. Leikskólinn opnar kl 07.30 og er opinn til kl.17.00. Heimilt er að sækja um dvalartíma frá kl. 07.30,07.45,08.00 eða frá kl.09.00 til kl.12.00 og fram til kl 17.00.

18) Heimilt er að sækja um breytingar á umsömdum dvalartíma og er það gert eins og um nýja umsókn sé að ræða.

19) Þó að barn sé fjarverandi ber foreldrum að greiða fullt gjald.

20) Dvalartímasamningur er gerður fyrir hvert barn þegar það byrjar í leikskóla og er foreldrum skylt að virða þann tíma sem samið er um.

21) Leikskólinn lokar vegna sumarleyfa í 5 vikur að hámarki á ári en skemur ef bæjarstjórn ákveður styttri lokun. Leikskólagjöld falla niður á meðan. Leikskólabörn skulu þó ávallt taka 5 vikna sumarfrí samfleytt á hverju ári.

22) Leikskólinn er lokaður á aðfangadag og gamlársgang, alla helgidaga, á starfsdögum, foreldraviðtalsdögum og haustþingi leikskóla á suðurlandi.

ANNAÐ

23) Allt starfsfólk leikskólans er bundið þagnarskyldu. Þagnarskyldan helst þó látið sé af störfum hjá sveitarfélaginu.

24) Samkvæmt 17.gr.barnaverndarlaga hefur allt starfsfólk leikskólans frumskyldu til barnaverndarnefndar ef upp koma mál er varða velferð barna eins og lýst er í 16.gr. 1mgr. Tilkynningaskylda þeirra sem hafa afskipti af börnum gengur frammar ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.

25) Leikskólinn hefur fjóra starfsdaga sem skiptast í foreldraviðtalsdag og starfsdags í janúar, starfsdag að vori og starfsdags í lok sumarfrís auk þingdags í byrjun október.

26) Leikskólinn er með samstarfssamning við talmeinafræðing og sálfræðingar starfa á vegum Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings. Foreldrar geta leitað til þeirra gegnum deildarstjóra og skólastjórnendur. Sveitarfélagið er aðili að Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings sem hefur á að skipa leik- og grunnskólaráðgjafa, tveggja sálfræðinga, þroskaþjálfara, félagsráðgjafa. Þjónustan sér um greiningar og er ráðgefandi auk þess að sinna endurmenntun og fræðslu fyrir starfsfólk.

27) Allir nemendur eru slysatryggðir á skólatíma með skólatryggingu.

28) Nánari upplýsingar starfsemi leikskólans veitir leikskólastjóri.

30) Komi upp ágreiningur um framkvæmd þessara verklagsreglna er hægt að vísa málinu til fræðslunefndar.

31) Verklagsreglur þessar skulu endurskoðaðar og samþykktar í janúar ár hvert af fræðslunefnd og staðfestar af bæjarstjórn.